61 — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um þingsályktun viðvíkjandi**
22. febr. **skuldum ensks námufjelags.** — Með þóknanlegu brjefi 29. september f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent ályktun, er báðar deildir alþingis höfðu samþykkt, um að beina svo felldri áskorun til ráðgjafans fyrir Ísland:

fyrst og fremst: að hann sjái um, að þeir, sem til skulda telja hjá «*the North af Iceland Sulphur Company Ltd. London, England.*» og sem hafa fengið veð í rjettindum nefnds fjelags til að nota brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu, fái skuldir sínar greiddar; en

til vara: að ráðgjafinn hlutist til um, að þeir hinir sömu fái skuldir sínar greiddar af því fje, sem fjelagið hefir sett stjórninni sem veð, eða að því ekki verði skilað hlutaðeigöndum, fyr en skuldaskipti þessi eru útkljáð.

Út af þessu læt jeg eigi dragast að tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer kunngjörið það í B-deild stjórnartíðindanna, að ráðgjafinn getur enga ástæðu til fundið fyrir sig að gjöra neina ráðstöfun til að innheimta skuld þá, er um ræðir í þingsályktuninni og sem einstakir menn eiga, með því að það, eins og þegar er tekið fram í brjefi mínu 14 maí 1879 til yðar, herra landshöfðingi, hlýtur að vera undir skuldheimtumönnum þeim sjálfum komið, er hjer eiga hlut að máli, að leita rjettar síns við dómstólana. Við það má og því bæta, að veð það, er nefnt fjelag setti á sínum tíma, var að eins til tryggingar þeim kröfum landssjóðs, er stóðu í sambandi við leigumálann og eptir að nýr leigjandi er síðan 1878 orðinn handhafi að rjettindum fjelagsins, þá tryggir veð þetta þær einar slíkar skuldbindingar, er á honum hvíla.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

voru sýslunefnd Strandasýslu lagðar 230 kr. til að kaupa 4 jarðnafra, 1 plóg og önnur jarðyrkjuverkfæri.

13. gr. B. V. b.

barnaskólanum í Sauðárkrók 200 kr. kennslustyrkur fyrir árið 1882.
hinum nýstofnaða barnaskóla í Gaulverjabœ 100 kr.

16. gr.

síra Helga Hálfdánarsyni 30 kr. ritlaun fyrir hverja örk prentaða af almennri kirkjusögu, er hann ætlar að semja, þó ekki meira en 300 kr. á þessu ári.

Yfirdómnum til að gefa út dómasafn 1880 og registur við dómasafn 1875—80 21 kr. fyrir hverja örk prentaða, þó ekki meira en 231 kr. alls.

17. gr.

Sálmabókarnefndinni 100 kr. til að skrifa upp 700 sálma og senda þá um milli nefndarmanna til íhugunar og atkvæða.

EMBÆTTASKIPUN.

23. dag marzmánaðar var presturinn að Stað í Steingrímsfirði sira Bjarni Sigvaldason skipaður prófastur í Strandaprófastsdœmi.

27. s. m. var kand. Halldór Þorsteinsson skipaður frá næstkomandi fardögum að telja prestur Landeyjaþinga eða Kross, Voðmúlastaða og Sigluvíkur safnaða í Rangárvallaprófastsdœmi.

EMBÆTTI ÓVEITT.

Mosfells prestakall í Árnesprófastsdœmi (Mosfells- og Miðdalssóknir í Grímsnesi). Metið 863 kr. (?) Auglýst 22. marz 1882.